

Mánudaginn 2. júlí 1973.

Nr. 100/1973: Þórður Júlíusson
 gegn
 Eyjólfí Bjarnasyni og
 Hákoní Kristinssyni.

Dómendur:

hæstaréttardómaramirn Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar:

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 21. gr., 1. tl. b, laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. maí 1973, er barst Hæstarétti 20. júní s. á. Krefst hann þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdóm að kveða upp efnisdóm í málinu. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili Hákon krefst þess, að hinn kærði dómur verði staðfestur og sóknaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað. Frá varnaraðilja Eyjólfí hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Með vísan til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja Hákoní Kristinssyni kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 6.000.00.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Þórður Júlíusson, greiði varnaraðilja Hákoní Kristinssyni kærumálskostnað, kr. 6.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. maí 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 18. maí s.l., hefur Þórður Júlíusson, Seljalandsvegi 78, Ísafirði, höfðað með stefnu, birtri

29. maí og 9. júní 1972, á hendur Eyjólf Bjarnasyni rafvirkjameistara, Stóragerði 26, Reykjavík, Magnúsi Kristinssyni vélvirkjameistara, Njarðvíkurbraut 23, Njarðvíkurhreppi, og Hákon Kristinssyni, Njarðvíkurbraut 23, Njarðvíkurhreppi, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 120.000.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. janúar 1970 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Fram kemur í greinargerð stefnanda, að þá er birta átti stefnu, hafi komið í ljós, að Magnús Kristinsson var látinn og hafi ekki unnizt tími til að stefna dánarbúinu. Að sinni muni það ekki verða gert og sé þar með fallið frá kröfum á það.

Af hálfu stefnda Eyjólf Bjarnasonar var í upphafi sótt þing, en í þinghaldi þann 16. janúar 1973 féll þingsókn niður af hans hálfu, án þess að andmæli kæmu fram gegn stefnukröfum.

Af hálfu stefnda Hákonar Kristinssonar hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að máli þessu verið vísað frá dómi, en til vara, að hann verði alfarið sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hann málskostnaðar, hvernig sem málið fer, og verði tekið tillit til ferðakostnaðar og dagpeninga við ákvörðun málskostnaðar.

Sátt hefur verið reynd í málinu, en án árangurs.

Stefnandi lýsir málavöxtum á þá leið, að hann hafi á árinu 1969 byggt fiskverkunarhús að Strandgötu 18 í Sandgerði. Hús þetta hafi verið byggt úr efni, sem hann hafi fengið úr stálgrindarhúsum, sem hann hafi keypt af sölunefnd varnarliðseigna. Hús þessi hafi á sínum tíma verið byggð á Straumnesfjalli í Sléttuhreppi. Þegar byggingu hússins var lokið, hafi smávegis af járninu verið eftir og hafi hann geymt það við hlið fiskverkunarhússins.

Seinni hluta árs 1969 hafi hann leigt Gleriðju Suðurnesja hús þetta. Árið 1970, er hann, sem búsettur sé á Ísafirði, var á ferð í Sandgerði, hafi hann veitt því athygli, að járn þetta var horfið og hafi hann þá innt Eyjólf Bjarnason, meðstefnda í máli þessu, eftir því, hvað orðið hefði af járninu. Eyjólfur hafi ekki sagzt vita, hvað af því hefði orðið. Eyjólfur Bjarnason var þá framkvæmdastjóri Gleriðju Suðurnesja. Stefnandi hafi þá ekki séð sér annað fært en biðja um opinbera rannsókn í málinu. Hann hafi síðan gefið skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði 17. desember 1970.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar þessarar sé alveg augljóst, að allir hinir þrír stefndu hafi átt hlutdeild í töku járnsins og

beri þeim því skylda til að bæta það tjón, sem stefnandi hafi orðið fyrir í því sambandi.

Stefnandi kveður stefndu hafa tekið og ráðstafað 6 tonnum af svörtu plötujárni, og sé verð fyrir hvert kíló af því kr. 25.00, og 2 tonnum af galvaniseruðu járn, en verð á því sé kr. 35.00 fyrir hvert kg. Þetta geri samtals kr. 220.000.00 og sé stefnukrafan við það miðuð.

Í skýrslu stefnanda fyrir rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði kveðst stefnandi hafa komizt að því, að Magnús Kristinsson, forstjóri Vélsmiðju Njarðvíkur, hafi tekið járníð. Hann kvaðst hafa hringt í Magnús og spurt hann, hvort hann hefði tekið járníð. Hann hafi svarað því til, að svo væri og hefði Hákon Kristinsson, bróðir sinn, keypt járníð af Eyjólf Bjarnasyni.

Hákon Kristinsson hefur borið það fyrir rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði, að hann hafi árið 1968 látið Eyjólf Bjarnason hafa efni til uppsetningar á borðum og grindum í Gleriðjuna, sem þá hafi verið að taka til starfa. Þegar hann hafi farið að innheimta skuld þessa, hafi Eyjólfur ekki átt fé til að greiða honum, en hafi boðizt til að láta hann hafa járnadrasl, nánast brotajárn, tvær súlur ca. 4—5 metra langar, tvo bita ca. 3—4 metra á lengd og 30—40 kolrústaðar járnplötur með ásoðnum vinklum, hornskakkar, rústaðar og götóttar. Kvað hann ekki hafa verið mögulegt að nota meira en 40% úr nefndum plötum. Hann kvaðst hafa notað um $\frac{2}{3}$ af annarri súlunni og hafi það verið það eina, sem honum hafi orðið til fjár. Bitunum gæti hann skilað aftur og því, sem eftir væri af súlunum. Hann kvaðst geta skilað plötunum aftur eða sams konar járnplötum, ef þess væri óskað. Þá skýrði hann svo frá, að ef hann hefði keypt þetta járnadrasl hjá sölunefndinni, hefði það ekki kostað meira en 6—8 þúsund krónur, eða svipaða upphæð og Eyjólfur skuldaði honum.

Eyjólfur Níels Bjarnason, meðstefndi í máli þessu, hefur skýrt svo frá fyrir rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði, að hann hafi tekið við fiskverkunarhúsi stefnanda haustið 1968 og stofnsett þar glerverksmiðju. Hann hafi séð járnadrasl fyrir neðan húsið. Hafi hann talið það verðlaust rusl, nánast brotajárn, enda liggjandi undir tortímingu. Hafi litið svo út, að járníð hafi legið þarna umhirðulaust lengi. Fiskverkunarhúsið hafi verið í vanhirðu mikilli, er hann tók við því, og vatnsdæla hússins, sem vera átti í lagi, hafi verið kolrústuð og ónothæf. Hann kvaðst hafa tekið dæluna og farið með hana í viðgerð í Vélsmiðju Njarðvíkur. Kostnaður við viðgerðina hafi verið um 6—8 þúsund krónur og

hafi sennilega í þeim reikningum einnig verið efni í borðkant. Þegar svo Hákon Kristinsson innheimti reikninginn árið 1969, hafi það komið til tals, að Hákon nýtti eitthvað af þessu umtalaða jární eða tæki það upp í reikninginn, og kvaðst Eyjólfur hafa verið mjög ánægður með það, þar sem hann hafi talið sig vera að bjarga verðmætum fyrir Þórð, en Þórður hefði hlotið að borga viðgerð á tækjum hússins, þ. e. a. s. á dæluinni o. fl. Hann kvað þá upphæð, sem stefnandi tali um í skýrslu sinni, fjarstæðukennda miðað við það magn, sem hann hafi séð við húsið og áður er sagt frá.

Aðalsteinn Jónsson, Skipagötu 14, Ísafirði, hefur komið fyrir sakadóm Ísafjarðar sem vitni í málinu. Hann skýrði svo frá, að veturinn 1965—66 hefði hann unnið úr stálplötum með ásoðnum tilheyrandi járnum algerlega óryðguðum. Hann hafi búið til úr þessu beinakassa, fiskikassastirrur og færibönd o. fl., sem fara hafi átt í fiskverkunarhús að Strandgötu 18, Sandgerði. Þegar hann hafi lokið verkinu, hafi ugglaustr verið eftir 6 tonn af plötum og talsvert magn af pípum og sverum súlum. Hafi það aldrei verið undir tveim til þrem tonnum með vinklum. Sveru súlurnar hafi aldrei verið undir 800 kílóum, en efnið hafi verið af ýmsum tegundum.

Svo sem að framan greinir, hefur stefndi Hákon Kristinsson krafizt frávísunar málsins. Var málið munnlega flutt um frávísunarkröfu hans í þinghaldi þann 18. maí s.l. Lögmaður stefnanda gerði þá kröfu, að synjað yrði um frávísun málsins og umbjóðanda hans dæmdur málskostnaður úr hendi stefndu vegna þessa þáttar málsins. Hann hélt því fram, að í greinargerð sinni kæmi nægilega fram, hveru miklu jární stefnandi teldi sig hafa tapað og hvert rétt verð þess væri. Eyjólfur Bjarnason hefði selt þetta járn á kr. 6.000.00, sem væri fjarri réttu verði þess. Hann mótmælti því, að kröfugerð hans væri á þessu stigi málsins svo óljós, að vísa ætti málinu frá, án þess að aðiljar kæmu fyrir dóm.

Lögmaður stefnda Hákonar Kristinssonar gerði við munnlegan flutning frávísunarkröfu sinnar þá kröfu, að jafnframt því, að málinu yrði vísað frá dómi yrðu umbjóðanda hans dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. Frávísunarkröfu sína byggir hann þeim rökum, að málið sé stórlega vanreifað af hendi stefnanda. Ekki hafi á nokkurn hátt verið sýnt fram á, hvað af jární hafi horfið. Stefnandi hafi ekki lagt fram gögn til stuðnings fjárkröfu sinni, eins og t. d. vottorð um verð fyrir hvert kíló af smíðajární eða brotajární. Þannig sé ekki fylgt ákvæði 1. mgr. 105. gr. laga

nr. 85/1936. Málið sé á þann veg svo stórlega vanreifað, að ekki sé vinnandi vegur að finna út, hvert tjón stefnandi telji sig hafa orðið fyrir, ef hann hafi þá orðið fyrir nokkru tjóni.

Álit dómsins.

Stefnandi hefur ekki lagt fram mats- eða skoðunargerð um ástand þess járns, sem enn er eftir í vörzlum Hákonar Kristinssonar eða á hans vegum. Hann hefur hvorki reifað né lagt fram gögn um, hvernig verð það er fundið, sem hann byggir kröfu sína á. Vegna fullyrðinga Hákonar Kristinssonar og Eyjólfss Bjarnasonar í skýrslum þeirra fyrir rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði var þó full ástæða fyrir stefnanda að byggja betur upp kröfu sína þegar í upphafi máls. Þá kemur ekki skýrlega fram, hverjar eru málsástæður stefnanda á hendur stefndu hverjum fyrir sig.

Þegar allt þetta er virt, þykir verða að fallast á það með stefnda Hákonu Kristinssyni, að vísa eigi málinu frá dómi samkvæmt kröfu hans og ex officio gagnvart Eyjólfu Bjarnasyni, sbr. 1. mgr. 105. gr. laga nr. 85/1936.

Rétt þykir, að hver aðilja beri sinn kostnað af málinu.

Dóm þennan kvað upp Hrafn Bragason borgardómari.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Hver aðilja skal bera sinn kostnað af málinu.
